

Dagskrá

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

11. mars 2022

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
8. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
9. Kosning stjórnar félagsins.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

11. mars 2022

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. leggur fram eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund félagsins:

Dagskrárliður 2. – Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár

Tillaga: Fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

Dagskrárliður 3. – Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 3,14 á hlut fyrir rekstrarárið 2021 eða um 3.850 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 11. mars 2022 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 15. mars 2022, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 14. mars 2022 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 30. mars 2022.

Dagskrárliður 4. – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt. Starfskjarastefnan er efnislega óbreytt frá fyrra ári.

Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Tilgangur

Stefnan miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk.

Umfang

Nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess. Starfskjaranefnd er skipuð stjórn félagsins.

Stefna

Starfskjarastefna Sjóvá-Almennra trygginga hf. miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk sem vinnur að verkefnum í þeim tilgangi að tryggja velgengni félagsins. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu félagsins.

Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan

starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundum ásamt röksemdum.

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem tiltekin eru sömu atriði og tekið mið af sjónarmiðum sem koma fram í ráðningarsamningi forstjóra, eftir því sem við á.

Starfskjör annarra starfsmanna

Starfskjör annarra starfsmanna félagsins skulu ákveðin í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

Upplýsingagjöf og frávik frá starfskjarastefnu

Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Frávik frá starfskjarastefnu skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki og færð til bókar.

Hvatakerfi

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu áleti starfskjaranefndar.

Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, venjulega skilgreint með tilliti til árangurs, sem ekki eru þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Einungis er um að ræða heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka.

Kaupaukakerfið skal uppfylla kröfur 51. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Helstu ákvæði kaupaukakerfisins sem snúa að kaupréttum skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

Dagskrárliður 5. – Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum

Tillaga: Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutafé félagsins: „Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2022 samþykkir að hlutafé félagsins verði, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, lækkað um kr. 52.095.512 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.267.617.016 að nafnverði í kr. 1.215.521.504 að nafnverði.“

Greinargerð stjórnar:

Á aðalfundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. þann 12. mars 2021 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Samkvæmt heimildinni mátti félagið kaupa að hámarki 133.410.638 hluti en það jafngildi 10% af útgefnu hlutafé félagsins. Á grundvelli þessarar heimildar hafði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. keypt 53.769.309 eigin hluti, eða sem nemur 4,2% af útgefnu hlutafé á tímabilinu 13. mars 2021 – 10. febrúar 2022. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar var að lækka hlutafé félagsins og þess vegna leggur stjórn félagsins fram tillögu um að lækka hlutaféð um 52.095.512 eða þá eigin hluti sem voru keyptir á tímabilinu 13. mars 2021 – 10. febrúar 2022 að frádregnum eigin hlutum 1.673.797 sem voru lækkaðir í hlutafjárlækkun félagsins þann 18. nóvember 2021. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutafé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðin skilyrði fyrir lækkuninni hafa verið uppfyllt, svo sem að fyrir liggi heimild Fyrirtækjaskrár og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Dagskrárliður 6. – Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Tillaga I:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykkt félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleiðis svo:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.215.521.504 – einn milljarður tvö hundruð og fimmtán milljónir fimm hundruð og sextán þúsund fimm hundruð og fjórar krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Tillaga II:

Gerð er tillaga um breytingu á 9. gr. samþykkt sem rafrænum skjalasamskiptum sem felast í því að fella út eftirfarandi setningar í fyrstu málsgrein:

„Stjórn félagsins skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gera skal til hugbúnaðar sem vera skal hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafa sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn félagsins setur.“

9. gr. orðast þá í heild sinni svo:

„Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír“.

Greinargerð með tillögu:

Rafræn samskipti eru viðtekin venja og samskipti við hluthafa fara að mestu fram með rafrænum hætti enda er upplýsingum varðandi hluthafafundi miðlað á heimasíðu félagsins og í tölvupósti. Ekki þykir ástæða til að setja sérstakar reglur um rafræna miðlun eða krefjast staðfestingar hluthafa á því að þeir muni nýta sér rafræn samskipti við félagið.

Tillaga III:

Í 12. gr. um fundarboðun aðalfundar, 4. tölulið 2. málsgreinar, er lagt til að brott falli orðin „þar til bærri stofnun í félaginu að lögum“ og í staðinn komi „stjórn og/eða nefndum félagsins“. Eftir breytingu orðast töluliðurinn þá svo:

“Ályktunartillögur eða eftir atvikum athugasemdir frá stjórn og/eða nefndum félagsins varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá aðalfundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra”.

Greinargerð með tillögu:

Tillagan gengur út á að skýra betur hvaðan ályktunartillögur og athugasemdir berast.

Dagskrárliður 7. – Tillaga um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar

Tillaga: Stjórn leggur til að gerðar verði eftirtaldar lagfæringar á tilvísunum til samþykkt á starfsreglum tilnefningarnefndar og orðalagi varðandi kosningar nefndarmanna verði breytt sem hér segir:

Leiðrétt verði tilvísun til samþykkt í aðfararorðum þar sem vísað skal til 24. gr. í stað 22. gr. áður.

Fyrirsögn 2. gr. verði „Samsetning og kosning“ í stað „Skipun og samsetning.“

Í gr. 2.3 og 2.5 falli brott 18. gr. og verði 20. gr. svo þær vísi til réttra greina í samþykktum félagsins.

Í gr. 2.4 falli brott „Um“ í annarri setningu málsgreinarinnar og einnig „fer að öðru leyti skv. 1. mgr. 18. gr. samþykkt félagsins að breyttu breytanda“ og í staðinn komi „skal skilað til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu félagsins“.

Grein 2.4 orðast svo eftir breytingu:

„Framboð til tilnefningarnefndar skal hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Tilkynning um framboð til nefndarinnar skal skilað til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu félagsins“.

Í grein 2.6 falli brott „ekki síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund“.

Grein 2.6. orðast svo eftir breytingu:

„Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins“.

Dagskrárliður 9. – Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til stjórnar félagsins eru Björgólfur Jóhannsson, Guðmundur Örn Gunnarsson, Hildur Árnadóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Í framboði til varamennsku í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason.

Dagskrárliður 10. – Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Tillaga: KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 15. mars 2018 og er það í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Samkvæmt sama lagaákvæði verður kjörnum endurskoðanda eingöngu vikið frá innan þess kjörtímabils að fengnu áleti endurskoðendaráðs. Þar sem fimm ára kjörtímabili KPMG er ekki lokið er það tillaga stjórnar að kjör endurskoðanda fari ekki fram að þessu sinni.

Dagskrárliður 11. – Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Í framboði til tilnefningarnefndar eru Finnur R. Stefánsson, Katrín S. Óladóttir og Sigríður Olgeirsdóttir.

Dagskrárliður 12. – Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

Tillaga: Lagt er til að stjórnarlaun verði hækkuð úr kr. 398.000 á mánuði í kr. 415.000 og að laun stjórnarformanns verði hækkuð úr kr. 781.000 á mánuði í kr. 815.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 415.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 143.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Lagt er til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar verði kr. 32.000 á mánuði og kr. 43.000 fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag.

Dagskrárliður 13. – Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2022 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, til að kaupa allt að 121.552.150 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

Greinargerð stjórnar:

Stjórn Sjóvár hefur sett sér arðgreiðslustefnu þar sem fram kemur að stefnt skuli að því að árlegar arðgreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs eftir skatta. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til gjaldpols. Þá er félaginu heimilt að kaupa eigin bréf í stað þess að greiða út arð eða samhliða arðgreiðslu, ef hluthafafundur metur það hagstætt. Við slíkt mat er rétt að taka mið af markaðsaðstæðum, mati á afkomu félagsins og eiginfjárstöðu hverju sinni. Tilgangur kaupa á eigin hlutum er að lækka hlutafé félagsins.

Framboð til stjórnarsetu

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

11. mars 2022

Framboð til stjórnar:

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóri Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020 og hann hefur frá apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrar-sviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014 hefur hann starfað sem framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem kom á fót rekstri flughermis í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf. og stjórnarmaður hjá BL ehf., Taktur ehf. og Actuar ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf., Lýsingar hf., Skipta hf., VÍS hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA og dótturfélaga, Eldeyj-ar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteignir ehf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkanes ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður í SVN eignafélagi

ehf. sem á 14,54% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut í SVN eignafélagi í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Ingi situr í stjórnnum SVN eignafélag ehf., Norðurböð hf., Pharmarctica ehf., og er varamaður í stjórn Síldarvinnslunnar hf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarmaður í HS Orku hf. og situr í starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn:

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019-12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnnum BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf., Ölmú ehf. og Hregg ehf. Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,04% eignarhlut í Sjóvá.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Bláa Lónið Heilsuvörur ehf., Destination Blue Lagoon ehf., Eldvörp ehf., Hraunsetur ehf., Jarðvangur ehf., Vænting ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf., Valshjartað hf. og Kná ehf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

SKÝRSLA
TILNEFNINGARNEFNDAR SJÓVÁ
2022

16. febrúar 2022

SKÝRSLA TILNEFNINGARNEFNDAR 2022

Markmið og hlutverk

Markmið með skipun nefndarinnar er að koma á skýru og gagnsæu fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna Sjóvá á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og taka mið af heildarhagsmunum þeirra. Hún skal líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins. Nefndin skal gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri hæfni, þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum Sjóvá og leggur tillögur þess efnis fyrir aðalfund. Þetta er fjórða skýrsla nefndarinnar og reynt hefur verið að bæta efnisinntök og framsetningu í samræmi við ábendingar sem nefndin hefur fengið. Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sjóvá og í viðauka I. Einnig eru upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefnda í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um góða stjórnarhætti.

Skipan

Tilnefningarnefnd Sjóvá tók til starfa í október 2018.

Nefndarmenn fyrir árin 2018 – 2020 voru kosin þau Jón Birgir Guðmundsson, útibússtjóri Íslandsbanka á Akureyri, Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs og Vilborg Lofts, rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Katrín var á fyrsta fundi kosin formaður nefndarinnar. Pálín Dögg Helgadóttir, verkefnastjóri hjá Sjóvá var jafnframt kjörin ritari nefndarinnar. Þau voru endurkjörin á aðalfundi 2020 til tveggja ára. Sjá nánari upplýsingar í viðauka II.

Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Allir nefndarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Störf nefndarinnar

Tilnefningarnefnd fundaði 7 sinnum á tímabilinu frá aðalfundi 2021 til 16. febrúar 2022. Nefndin starfaði í samræmi við fyrrnefndar starfsreglur sem eru í viðauka. Á fyrsta fundi nefndarinnar í nóvember var starfsáætlun gerð, verklag rætt og hvaða lærdóm nefndarmenn gætu helst dregið af síðast ferli.

Nefndarmenn funduðu með forstjóra félagsins, Hermanní Björnssyni þann 12. nóvember 2021. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um rekstur félagsins, helstu verkefni og áskoranir ásamt frekari upplýsingum um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi.

Fundað var með öllum stjórnarmönnum í Sjóvá og varamönnum í stjórn 9. desember 2021. Allir fundir fóru fram á Teams til að gæta fyllsta öryggis vegna Covid19. Á fundunum lagði

nefndin fyrir staðlaðar fyrirfram ákveðnar spurningar. Markmið fundanna var að afla upplýsinga um mat stjórnarmanna á stöðu og stefnu félagsins, um helstu verkefni og áskoranir, um störf stjórnarinnar, skilvirkni, þekkingu, samstarf og samsetningu hennar.

Á fundum nefndarmanna með stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn kom fram að allir hlutaðeigandi hyggðust gefa kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið.

Upplýsingar sem komu fram á fundum með stjórnarmönnum voru notaðar til að leggja mat á störf einstakra stjórnarmanna og ekki síður á samstarfið og hvernig hæfni og reynsla einstakra stjórnarmanna hafa nýttst. Hæfni og reynsla stjórnarmanna var metin út frá fyrirfram skilgreindum lykilhæfnisþáttum fyrir stjórn sem nánar er fjallað um síðar og einnig var lagt mat á stjórnina í heild sem skipulagsheild.

Tilnefningarnefndin hafði einnig til hliðsjónar árangursmat stjórnar dags. 19. janúar 2022 og stjórnarháttayfirlýsingu 2021 dags. 19. janúar 2022

Mikill samhljómur var í niðurstöðum árangursmats stjórnar og þess sem fram kom í viðtölum við einstaka stjórnarmenn. Stjórnarmenn eru mjög áhugasamir og virkir í störfum sínum fyrir Sjóvá. Þeir eru með sterkar skoðanir, umræður eru góðar á fundum, þær vel undirbúnar og rými er fyrir ólíkar skoðanir. Samvinnan er mjög góð innan stjórnar og traust og trúnaður ríkir á milli stjórnarmanna. Það er jafnframt mjög gott samband á milli stjórnar og stjórnenda félagsins og almennt eru stjórnarmenn mjög ánægðir með stjórnendateymi fyrirtækisins.

Óhætt er að fullyrða að innan stjórnar er mikil þekking og reynsla sem fellur vel að skilgreindri lykilhæfni, þekkingu og grunnhæfni sem nánar er fjallað um í kaflanum „mat tilnefningarnefndar“. Stjórnarmenn eru með mismunandi bakgrunn og koma úr mismunandi greinum rekstrar. Þessi fjölbreytileiki hefur skilað sér vel í umræðum og ákvörðunum.

Við vinnslu árangursmats svaraði stjórn nafnlausri spurningakönnun varðandi helstu þætti í stjórnarstarfinu og mati á árangri stjórnar. Í framhaldi af könnuninni ræddi stjórnin matið sérstaklega þar sem niðurstöður og heildarmat var lagt á störf stjórnar og starfsumhverfi, samstarf innan stjórnar og utan og þá þætti sem almennt mættu betur fara.

Í árangursmatinu kemur m.a. fram „... Stjórnarfolk hefur skilning á hlutverki og ábyrgð stjórnar í starfsemi félagsins og skilning á rekstri Sjóvar, starfsumhverfi og viðskiptamódeli. Stjórnarfolk hefur næga þekkingu, reynslu, tíma og tók á að sinna stjórnarstörfum. ...“. Jafnframt kemur fram „... Stjórn ræddi frammistöðu stjórnarformanns og var sammála um að hann leiddi stjórnarstörfin af fagmennsku, tryggði að allir tækju þátt og stuðlaði að góðum samskiptum innan stjórnar og við þá sem koma fyrir stjórnina. Á stjórnarfundum er hvatt til opinna umræðu, heilbrigðra skoðanaskipta og hefur hver stjórnarmaður eitthvað fram að færa í umræðu og ákvarðanatöku. Stjórnin er samtaka og nýtir hver og einn reynslu sína og þekkingu í stjórnarstörfum.“ Eins og áður hefur verið vikið að þá eru þessi atriði algjörlega í samhljómi við viðtöl nefndarmanna við einstaka stjórnarmenn.

Í niðurstöðum árangursmatsins kemur fram að stjórnin telur sig hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og starfsreglum. Lokaorðin eru „...Stjórnin hefur skilað tilætluðum árangri og góðum rekstri félagsins á árinu 2021.“

Starfandi tilnefningarnefnd sendi þann 3. janúar sl. bréf í tölvupósti til 20 stærstu hluthafa félagsins sem samtals áttu 81,94% hluta í félaginu. Það eru allir sem eiga yfir 0,83% í félaginu. Hluthöfum var boðið að hitta nefndina til að ræða m.a. reynslu sína af störfum stjórnar, hvort þeir hefðu í huga að tilnefna aðila í stjórn og einnig var rætt um störf og verklag tilnefningarnefndarinnar. Þeim var jafnframt boðið upp á að ræða önnur þau mál sem þeir kynnu að hafa áhuga á að ræða. Fulltrúar sex hluthafa auk þeirra sem eiga fulltrúa í stjórn þáðu boðið og var fundað með þeim 13. og 24. janúar sl.

Gagnlegt var fyrir nefndina að heyra viðhorf hluthafa og væntingar þeirra til starfa nefndarinnar og samsetningar stjórnar Sjóvá. Allir sem rætt var við voru almennt ánægðir með samsetningu og störf stjórnar og stjórnenda og að almennt væri staða félagsins mjög góð. Þeirra álit var að það væri góð breidd í þekkingu, reynslu og bakgrunni innan stjórnar. Gott væri að aldursdreifing væri orðin meiri. Einnig kom fram að stöðugleiki væri mikilvægur þegar stjórnin væri vel mönnuð, mikilvægt að hafa tengingu við stærri eigendur og einnig voru ýmis sjónarmið varðandi mönnun stjórnar og rekstur félagsins almennt rædd. Allir hluthafarnir fengu sömu spurningar og allir fundirnir fóru fram á Teams.

Þann 2. febrúar 2022 var birt auglýsing í Kauphöllinni þar sem tilnefningarnefndin auglýsti eftir framboðum til stjórnar. Frestur til að skila framboðum var til dagsloka 10. febrúar 2022. Fram kom að vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar gæti nefndin ekki tryggt að lagt yrði mat á framboð sem bærust eftir þau tímamörk. Almennur framboðsfrestur er eftir sem áður fimm sólarhringum fyrir aðalfund í sæmræmi við 63 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 15. þann 6. mars 2022.

Sama dag voru sömu upplýsingar birtar á vefsíðu Sjóvá ásamt framboðseyðublaði.

Mat tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd fór yfir lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn Sjóvá, sem nefndin hafði áður skilgreint. Í kjölfarið lagði hún mat á þekkingu og hæfni frambjóðenda út frá lykilhæfniramma hér fyrir neðan.

Lykilhæfni og þekking • Stjórnunarreynsla í stórum fyrirtækjum • Reynsla af tryggingamarkaði • Reynsla af fjármálamarkaði • Reynsla af áhættustjórnun • Sérþekking á lögum • Reynsla og skilningur á markaðsmálum • Reynsla af langtíma stefnumótun • Reynsla af stjórnarsetu	Grunnhæfni • Rekstrarþekking • Fjármálaþekking • Lögfræðiþekking • Stjórnunarþekking • Tækniþekking • Endurskoðun
Persónuhæfni • Gott siðferði • Framsýni • Geta til að taka erfiðar ákvarðanir • Ákveðni • Góður liðsmaður • Samstarfshæfni • Setur fyrirtækið í forgang • Hæfni til að spyrja réttu spurninganna	• Áhersla á langtíma ávinning hluthafa • Áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika

Við mat á tilnefningum til stjórnar horfir tilnefningarnefnd til þess að stjórnin myndi sterka og faglega heild í þágu félagsins og hluthafa þess. Æskilegt er að einstakir stjórnarmenn búi að þekkingu og hæfni á sem flestum ofangreindra sviða og að sem flestir þættir endurspeglis í sitjandi stjórn. Aðrir þættir s.s. þekking á starfsemi félagsins, samfella í stjórnun, aðstaða frambjóðenda til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem stjórnarseta felur í sér, kynjahlutföll, aldursdreifing og fleiri þættir komu einnig til skoðunar við gerð endanlegrar tillögu tilnefningarnefndar.

Framboð sem bárust tilnefningarnefnd

Til setu í aðalstjórn Sjóvá bárust til tilnefningarnefndar átta framboð í aðalstjórn og tvö framboð til setu í varastjórn. Allir núverandi stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram sem og báðir núverandi varamenn í stjórn. Þrír aðilar drógu framboð sitt til baka eftir að hafa fengið vitneskju um að þeir væru ekki tilnefndir. Þann 16. febrúar voru því 5 aðilar í framboði til stjórnar Sjóvá og 2 sem varamenn í stjórn.

Þeir eru í stafrófsröð:

Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Varamenn í stjórn:
Erna Gísladóttir
Garðar Gíslaon

Tilnefningarnefnd fundaði með öllum frambjóðendum á Teams. Það var mat tilnefningarnefndar að ekki væri þörf á að funda aftur með þeim frambjóðendum sem eru í núverandi stjórn þar sem nefndarmenn höfðu fundað með þeim í desember sl. og hlutaðeigandi svarað sambærilegum spurningum og aðrir frambjóðendur fengu. Fundað var með öðrum frambjóðendum 14. febrúar sl. Með spurningunum var leitast við að meta óhæði frambjóðenda, að kanna styrkleika, þekkingu og reynslu viðkomandi til að gegna stjórnarstarfi í skráðu félagi. Einnig voru ástæður fyrir framboðinu og markmiðin með því kannað ásamt mati frambjóðenda á því hver virðisaukinn væri með setu þeirra í stjórn og fleira. Auk þess var sérstakt mat lagt á fylgigögn frambjóðenda þ.e ferilskrár, kynningarbréf o.fl. og það metið út frá lykihæfisramma sem áður hefur verið fjallað um.

Allar persónugreinanlegar upplýsingar sem fram komu í viðtölum eru trúnaðarmál.

Niðurstaða tilnefningarnefndar– Tillaga um stjórn og varamenn í stjórn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn og sem varamenn í stjórn Sjóvá. Frambjóðendur eru taldir upp í stafrófsröð.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóri Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020 og hann hefur frá apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í trygginga-

stærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætla-ana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014 hefur hann starfað sem framkvæmda- stjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem kom á fót rekstri flughermis í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórn-armaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf. og stjórn-armaður hjá BL ehf., Taktur ehf. og Actuar ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvá frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrif- stofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf., Lýsingar hf., Skipta hf., VÍS hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA og dótturfélaga, Eldeyjar eignar- haldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteignir ehf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hef- ur setið í stjórn Sjóvá frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkanes ehf. Ingi Jóhann er stjórn- arformaður í SVN eignafélagi ehf. sem á 14,54% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut í SVN eignafélagi í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf. Ingi situr í stjórnnum SVN eignafélag ehf., Norðurböð hf., Pharmarctica ehf., og er varamaður í stjórn Síldarvinnslunnar hf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa sam- kvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvá 12. mars 2020. Hún er BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskipta- sviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í fram- kvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórn- armaður í HS Orku hf. og situr í starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálf- seignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn:

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvá frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019-12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórn BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf., Ölmur ehf. og Hregg ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,04% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvá frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórn eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Bláa Lónið Heilsuvörur ehf., Destination Blue Lagoon ehf., Eldvörp ehf., Hraunsetur ehf., Jarðvangur ehf., Vænting ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf., Valshjartað hf. og Kná ehf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Samantekt

Það er mat tilnefningarnefndar að alla lykilhæfnipætti, reynslu og þekkingu sem leitað var eftir sé að finna í ofangreindum hópi frambjóðenda og núverandi stjórnarmönnum og að þeir myndi sterka og faglega heild. Frambjóðendurnir hafa víðtæka reynslu af rekstri stórra fyrirtækja og hafa allir starfað sem stjórnendur í slíkum fyrirtækjum. Mikil þekking er á umhverfi tryggingamála og reynsla af rekstri tryggingafélaga er í hópnum. Þessi hópur býr einnig að breiðri og mikilli þekkingu á fjármálum, reikningsskilum og lagaumhverfi skráðra félaga. Allir frambjóðendur hafa mikla reynslu af stjórnarstörfum, bæði sem formenn stjórna og almennir stjórnarmenn.

Samfella í stjórn er mikilvæg sem og nýliðun og kom það sterkt fram í samtölum við hluthafa, að því gefnu að góður árangur sé af starfi stjórnar. Frá 2019 hafa verið miklar breytingar á stjórninni. Þar sem núverandi stjórnarmenn gefa allir aftur kost á sér og góður árangur hefur verið af starfi þeirra, þau eru virk, áhugasöm og vinna vel saman, þá studdi það ákvörðun nefndarinnar um að tilnefna óbreytta stjórn. Ingi Jóhann Guðmundsson, hefur verið í stjórn Sjóvá frá 2011 og þekkir reksturinn vel auk þess að hafa langa reynslu af rekstri fyrirtækja og stjórnarsetum og er tengdur stærsta hluthafa. Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir voru kjörin í stjórn 2019. Þau hafa víðtæka reynslu af rekstri stórra fyrirtækja og stjórnarstörfum. Ánægja hefur verið með framlag þeirra og virðisauka. Ingunn Agnes Kro og Guðmundur Örn Gunnarsson voru kjörin í stjórn 2020. Nefndin telur mikilvægt fyrir Sjóvá og starfsemi félagsins að innan stjórnar sé viðeigandi og haldgóð þekking á lagaumhverfi skráðra félaga og þar er þekking Ingunnar mikilvæg. Hún er með góða þekkingu á stjórnarháttum og regluvörslu,

kröfum til skráðra fyrirtækja og sjálfbærni og samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þá varð aldursdreifing breiðari með innkomu Ingunnar Agnesar í stjórn. Það er jafnframt mat nefndarinnar og hefur líka komið fram í samtölum við hluthafa að það sé mikilvægt að innan stjórnar sé djúp þekking á váttryggingastarfsemi og býr Guðmundur Örn að góðri reynslu og þekkingu á því sviði. Guðmundur Örn hefur tækniþekkingu, unnið í umhverfi nýsköpunar og hefur áratuga reynslu af rekstri tryggingafélaga.

Tilnefningarnar uppfylla kröfur um kynjahlutföll. Frambjóðendurnir telja sig allir hafa aðstöðu og tíma til að sinna stjórnarstörfum hjá Sjóvá. Það er mat nefndarinnar að hópurinn sé líklegur til að starfa áfram vel saman og viðhalda öflugu og árangursríku stjórnarstarfi.

Tillaga nefndarinnar um varamenn í stjórn eru að núverandi varamenn, þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason verði áfram. Erna sat í stjórn Sjóvá í um 10 ár og lengst af sem formaður. Hún bauð sig fram og var kjörin sem varamaður á aðalfundi 2019. Hún hefur viðamikla þekkingu á rekstri Sjóvá og rekstri stórra fyrirtækja. Garðar hefur verið varamaður í 11 ár. Hann hefur góða þekkingu á rekstri Sjóvá og hefur í gegnum tíðina veitt félaginu lögfræðilega ráðgjöf.

Samantekt og mat á upplýsingum úr samtölum við stjórnarmenn, forstjóra og fulltrúa hluthafa styður við tillögu nefndarinnar.

Tilnefningarnefnd bærust þrjú önnur framboð frá frambærilegum frambjóðendum sem búa yfir góðri hæfni og þekkingu á hinum ýmsu sviðum. Tilnefningarnefndin þakkar öllum frambjóðendum fyrir framboðin og ánægjuleg samskipti í tilnefningarferlinu.

Reykjavík, 16. febrúar 2022

Katrín S. Óladóttir, formaður

Jón Birgir Guðmundsson

Vilborg Lofts

Verklagsregla VR-Starfsreglur tilnefningarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ

Tilnefningarnefnd starfar á grundvelli heimildar í 22. gr. samþykka félagsins.
Hluthafafundur setur nefndinni eftirfarandi reglur:

1. Tilgangur og markmið

- 1.1. Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

2. Skipun og samsetning

- 2.1. Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára.
- 2.2. Stjórnarmenn félagsins, stjórnendur þess og starfsmenn skulu ekki eiga sæti í nefndinni.
- 2.3. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. A.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Stjórn Sjóvá skal meta óhæði nefndarmanna skv. 2. mgr. 18. gr. samþykka félagsins að breyttu breytanda.
- 2.4. Framboð til tilnefningarnefndar skal hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Um tilkynningu um framboð til nefndarinnar fer að öðru leyti skv. 1. mgr. 18. gr. samþykka félagsins að breyttu breytanda.
- 2.5. Kosning í tilnefningarnefnd skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa um framboð sitt sbr. 3. mgr. 18. gr. samþykka félagsins að breyttu breytanda.
- 2.6. Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins ekki síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund.

3. Fundir

- 3.1. Tilnefningarnefnd kýs sér formann úr hópi nefndarmanna á fyrsta fundi sem nefndin kemur saman. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum og skal sjá um að fundargerð sé færð.
- 3.2. Nefndin skal funda að lágmarki tvisvar á starfsári og oftár ef þurfa þykir.
- 3.3. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

- 4.1. Tilnefningarnefnd hefur það hlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar.
- 4.2. Helstu verkefni tilnefningarnefndar eru að:
 - a) óska eftir tillögum um framboð til stjórnar frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félagsins,
 - b) upplýsa um hvernig hluthafar geti lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri,
 - c) útbúa framboðseyðublað og sjá til þess að það sé aðgengilegt á vefsíðu félagsins,
 - d) sjá til þess að skil framboðstilkynninga séu í samræmi við lög og samþykktir félagsins,
 - e) meta frambjóðendur út frá hæfni, reynslu og þekkingu þeirra,
 - f) meta óhæði frambjóðenda,
 - g) gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins,
 - h) undirbúa og leggja fram tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu,
 - i) gera skriflega skýrslu til aðalfundar, eða hluthafafundar þar sem stjórnarkjör fer fram, um það hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar,

Ábyrgðaraðili: Forstjóri - Rafræn útgáfa skjalsins er sú sem er í gildi á hverjum tíma.
Í gildi frá: 12.03.2020

j) yfirfara starfsreglur þessar og gera tillögu að breytingum til að leggja fyrir hluthafafund sé þörf á.

4.3. Við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu skal nefndin m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Skal nefndin m.a. notast við niðurstöður árangursmats stjórnar er varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

5. Heimildir

5.1. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu. Aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins skal þó vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í váttryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar.

5.2. Tilnefningarnefnd er heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin skal ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa en við það mat skal nefndin notast við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið.

6. Trúnaðarskylda

6.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í störfum sínum og leynt skulu fara, nema um sé að ræða málefni sem nefndinni ber að gera opinber vegna starfsskyldna. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. Birting upplýsinga og áskilnaður

7.1. Tillaga tilnefningarnefndar skal birt samhliða því að boðað er til aðalfundar eða hluthafafundar þar sem stjórnarkjör fer fram, skemmst þremur vikum fyrir fund. Tillagan skal jafnframt birt á vefsíðu félagsins í kjölfar útsendingar fundarboðs. Í fundarboði skal bent á að unnt sé að senda inn framboð til stjórnar þar til fimm dögum fyrir fundinn, en að vegna eðlis og umfangs starfa tilnefningarnefndar sé ekki tryggt að nefndin geti lagt mat á framboð sem berast eftir að tvær vikur eru til fundarins. Nefndin skal birta hæfnismat vegna framboða sem berast innan fyrrgreindra tímamarka, og einnig mat á því hvort frambjóðandi teljist vera óháður, á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund ásamt fyrirliggjandi tillögu nefndarinnar.

7.2. Tilnefningarnefnd áskilur sér rétt til þess að endurskoða þá tillögu sína sem birt er samhliða aðalfundarboði. Breytist tillaga nefndarinnar frá því sem fram kemur í fundarboði skal nefndin birta endurskoðaða tillögu sína a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.

7.3. Fari stjórnarkjör fram á öðrum hluthafafundi en aðalfundi kann að vera að nefndin hafi ekki tök á að birta tillögu sína samhliða fundarboði þar sem tímafrestrir geta verið skemmri en þegar um aðalfund er að ræða. Undir slíkum kringumstæðum skal nefndinni heimilt að birta rökstudda tillögu sína eftir að fundarboð hefur verið sent út, þó eins fljótt og kostur er og a.m.k. tveimur dögum fyrir hluthafafund.

8. Gildistaka

8.1. Starfsreglur þessar eru samþykktar á hluthafafundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. 26. október 2018 og öðlast þegar gildi. Starfsreglurnar skulu birtar á vefsíðu félagsins.

Breytingar: Á aðalfundi þann 12. mars 2020.

Ábyrgðaraðili: Forstjóri - Rafræn útgáfa skjalsins er sú sem er í gildi á hverjum tíma.
Í gildi frá: 12.03.2020

Viðauki II

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd

Jón Birgir Guðmundsson

Jón Birgir Guðmundsson, fæddur 28. maí 1970. Jón Birgir er B.Sc. í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Hann er útibússtjóri í Íslandsbanka á Akureyri en starfaði áður sem forstöðumaður útibúa og umboða hjá Sjóvá og var stjórnarformaður Kælismiðunnar Frost á árunum 2007-2016.

Jón Birgir er óháður stórum hluthöfum félagsins og óháður félaginu og daglegum stjórnendum.

Katrín S. Óladóttir formaður

Katrín S. Óladóttir, fædd 20. október 1953. Katrín hefur lokið kvennaskólaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún er framkvæmdastjóri Hagvangs og ein þriggja eigenda fyrirtækisins. Hún sinnir daglegri stjórnun og rekstri fyrirtækisins auk stjórnendaráðninga. Áður starfaði hún sem ráðningarstjóri og sinnti fjölbreyttri ráðgjöf við ráðningar síðan 1983. Katrín situr í tilnefningarnefnd Skeljungs hf.

Katrín er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Vilborg Lofts

Vilborg Lofts, fædd 12. desember 1956. Vilborg er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með MBA frá Bayes Business School, City University of London (áður Cass University Business School) og MPM frá verkfræðideild Háskóla Íslands. Hún starfar sem verkefnastjóri fjármála hjá Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Áður starfaði hún sem rekstrarstjóri á sama stað í rúm 13 ár. Hún starfaði í 20 ár fyrir Íslandsbanka, 4 ár sem mannauðsstjóri og 16 ár sem aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar. Hún hefur setið í ýmsum stjórnnum m.a. sem stjórnarformaður Kreditkorta, í Framtakssjóðnum, Heilsuborg og Endurmenntun Háskólans.

Vilborg er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Framboð til setu í tilnefningarnefnd

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

11. mars 2022

Finnur R. Stefánsson, fæddur 14. október 1969 til heimilis í Garðabæ. Finnur hefur próf í hagfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu í fjármálum frá Virginia Tech. Hann er framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagsins Snæbóls ehf. Finnur var sjóðsstjóri hjá Landsbréfum frá 1994, í áhættustýringu hjá FBA 1998-2000 og framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Íslandsbanka-FBA / Glitnis 2000-2007. Finnur hefur setið í stjórn Klasa og dótturfélaga frá árinu 2007, í stjórn Icelandair Group 2007-2010, í stjórn Straums fjárfestingarbanka / Kviku banka frá 2014-2017 og í stjórn Umbreytingar slhf. frá 2018.

Finnur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum en telst háður stórum hluthafa þar sem hann er framkvæmdastjóri og annar eigenda Snæbóls ehf. sem á 9,62% hlut í félaginu.

Katrín S. Óladóttir, fædd 20. október 1953, til heimilis í Hafnarfirði. Katrín hefur lokið kvennaskólaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún er framkvæmdastjóri Hagvangs og meirihluta eigandi í hópi þriggja eigenda fyrirtækisins. Katrín sinnir daglegri stjórnun og rekstri fyrirtækisins auk stjórnendaráðninga. Áður starfaði hún sem ráðningarstjóri og sinnti fjölbreyttri ráðgjöf við ráðningar síðan 1983. Katrín hefur setið í tilnefningarnefnd Skeljungs hf.

Katrín er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Sigríður Olgeirsdóttir, fædd 5. maí 1960 til heimilis í Kópavogi. Sigríður er kerfisfræðingur frá Tígentskolen í Danmörku, með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, AMP-gráðu frá Harvard Business School og próf í rekstrar- og viðskiptafræðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Sigríður er sjálfstætt starfandi en hún var áður sviðsstjóri þjónustu hjá Völku, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka og Framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, forstjóri Humac og framkvæmdastjóri hjá Tæknivali og stofnaði og byggði upp Tæknival í Danmörku. Sigríður hefur setið í fjölmörgum stjórnun héraðs sem erlendis og hefur lokið hæfnismati Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Sigríður er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.